

## GJALDSKRÁ

**fyrir kalt vatn á veitusvæði Orkuveitu Reykjavíkur – vatns- og fráveitu.**

1. gr.

*Vatnsgjald.*

Heimilt er að leggja á fasteign almennt vatnsgjald hafi vatnsveita verið tengd við mannvirki á fasteign. Mannvirki telst tengt vatnsveitu þegar heimæð hefur verið tengd frá vatnsveitulögn í vatnsinntak notanda.

<i>Svæði</i>	<i>Fastagjald kr./matseining/ár</i>	<i>Fermetragjald kr./m<sup>2</sup>/ár</i>
Reykjavík og Akranes	5.352	207,71
Álfanes og Stykkishólmur	6.698	259,90
Grundarfjörður	6.970	306,79
Borgarbyggð og Úthlið	7.642	336,39

Vatnsgjald samanstendur af fastagjaldi á hverja matseiningu og fermetragjaldi eftir stærð samkvæmt fasteignaskrá. Heimilt er að reiknað sé af flatarmáli allra mannvirkja á fasteign.

Bílskúrar og sambærilegt húsnæði sem stendur á fasteign með öðrum mannvirkjum er undanþegið fastagjaldi. Vatnsgjald fer aldrei yfir 0,5% af fasteignamatí. Vatnsgjald þetta er miðað við byggingarvísitölu í desember 2020 og uppfæriskv. henni í desember ár hvert.

Árleg vatnsgjöld mannvirkja í sumarhúsabyggingum skulu að lágmarki vera 35.905 kr.

Vatnsgjald innheimtist af Orkuveitu Reykjavíkur – vatns- og fráveitu.

Orkuveitu Reykjavíkur – vatns- og fráveitu er heimilt að gjaldfella álagningu ársins verði greiðslufall á einum eða fleiri reikningum vegna álagningarinnar.

2. gr.

*Notkunargjald vatns.*

Notkunargjald er 37,54 kr./m<sup>3</sup> og gjald fyrir byggingavatn er 173,43 kr./dag.

**Fast gjald sem er háð stærð mælis:**

<i>Stærð mælis</i>	<i>Fast gjald kr./dag</i>	<i>Fast gjald fyrir brunna<sup>1</sup> kr./dag</i>
15 mm	44,71	149,21
20 mm	45,50	150,01
25 mm	58,58	163,08
32 mm	65,65	170,14
40 mm	78,99	183,53
50 mm	96,60	201,16
65 mm	130,33	234,57
80 mm	252,86	357,58
≥ 100 mm	265,83	370,63

<sup>1</sup> Verðlagning byggir á 2. ml. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga og gildir fyrir afhendingu vatns í brunni þar sem skráð fasteign er ekki til staðar.

3. gr.

*Heimæðargjöld.*

Gjaldskráin miðast við að ídráttarrör fyrir heimæð hafi verið lagt á frostfríu dýpi frá tengistað Orkuveitunnar við lóðarmörk, að inntaksstað mannvirkis sem Orkuveitan hefur samþykkt.

<i>Þvermál inntaks:</i>	<i>32 mm</i>	<i>40 mm</i>	<i>50 mm</i>	<i>63 mm</i>	<i>75 mm</i>	<i>90 mm</i>	<i>110 mm</i>
Heimæðargjald kr.:	300.515	429.460	613.734	888.330	1.174.159	1.571.868	2.166.993

Heimæðargjald fyrir inntök > 110 mm er reiknað út hjá Orkuveitunni.

Ein tengigrind er innifalin í hverju heimæðargjaldi og fyrir hverja aukatengigrind greiðist 10% af heimæðargjaldi viðkomandi málstærðar.

Byggingavatn og brunnar:

<i>Byggingavatn til og með 50 mm</i>	<i>kr.</i>
Uppsettur byggingavatnskranir <sup>1</sup>	95.818
Aftenging byggingavatnskрана, yfirborð ófrágengið	83.202
Aftenging byggingavatnskрана, yfirborð malbik eða steypa	219.939
Uppsettur brunnur fyrir vatnsafhendingu <sup>2</sup>	72.999

<sup>1</sup> Gildir þegar tengt er við heimæðarenda sem kominn er inn fyrir lóðarmörk.

<sup>2</sup> Sé sótt um heimæð í brunn þar sem fasteign er ekki til staðar leggur Orkuveitan til brunninn og kemur honum fyrir. Umsækjandi greiðir einnig heimæðargjald í samræmi við þá stærð sem sótt er um.

Heimæðar fyrir frístundahús:

<i>Staðsetning</i>	<i>Málstærð</i>	<i>kr.</i>
Heimæð lögð stök frá stofn- eða götuæð	25 mm	854.187
Heimæð lögð í sama skurð og samtímis heitavatnsheimæð OR	25 mm	613.458

Þetta verð miðast við heimæð allt að 100 metrum að lengd. Umsækjandi greiðir sérstaklega fyrir klapparbot.

4. gr.

Gjaldskrá þessi sem er sett í samræmi við lög um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 og reglugerð um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005 öðlast gildi 15. desember 2021. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1345/2020.

*Reykjavík, 26. nóvember 2021.*

F.h. Orkuveitu Reykjavíkur – vatns- og fráveitu sf.,

**Gestur Pétursson** framkvæmdastjóri Veitna.